

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
Stjórnarfundur	Dagsetning:	22. júní 2023	Tími: 9:00 – 10:30
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og TEAMS		
Fundarstjóri:	HÞ		
Ritari:	AS		
Á fundinn mættu:	Arnór Snæbjörnsson (AS), Elfa Ýr Gylfadóttir (EÝG), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Helga Þórisdóttir (HÞ), Ingibjörg Jóhannsdóttir (IJ), Ingileif Oddsdóttir (IO), Sigríður Kristinsdóttir (SK) og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins		
Fjarverandi:			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 22. júní 2023

1. Fundargerð aðalfundar 17. maí 2023

Fundargerð aðalfundar 17. maí síðastliðinn var samþykkt.

2. Verkaskipting stjórnar

Stjórn ákvað að skipta með sér verkum sem hér segir: Sigríður Kristinsdóttir verður varaformaður stjórnar, Ingibjörg Jóhannsdóttir verður gjaldkeri og Arnór Snæbjörnsson ritari.

Þá var ákveðið að fulltrúar stjórnar á mánaðarlegum samráðsfundum með KMR verði að jafnaði Helga, Ingileif og Sigríður. Jafnframt voru fundarmenn sammála um að kalla til fleiri úr stjórninni eða eftir atvikum úr röðum félagsmanna þegar málefni krefjast breiðari þekkingar eða tilefni gefst til.

3. Mánaðarlegir stjórnarfundir

Ákveðið að mánaðarlegir fundir verði haldnir í hádeginu fyrsta mánudag hvers mánaðar fram til áramóta. Næsti fundur verður því haldinn mánudaginn 4. september nk. AH sendir fundarboð á fundarröð til loka árs.

Mánaðarlegir samráðsfundir með KMR verði svo að jafnaði haldnir í kjölfarið sama dag eða um kl. 14:00.

4. Áherslumál 2023-2024

HÞ hóf samtalið og velti upp þeirri spurningu hverjar áherslur stjórnar ættu að verða á næsta starfsári. Samkvæmt lögum FFR er tilgangur félagsins m.a. að efla kynni félagsmanna og kynningu félagsmanna á stofnunum hvers annars, vinna að sameiginlegum hagsmunamálum, þ.m.t. kjaramálum og fylgjast með og fjalla um álitamál sem upp kunna að koma fyrir hönd forstöðumanna. Gróflega

flokkað liggja áherslumálin á sviði félagsmála, fræðslumála og starfsumhverfis- og kjaramála. Á fundinum spunnust nokkrar umræður og vörpuðu stjórnarmenn fram hugleiðingum sínum. Má þar sem dæmi nefna eftirfarandi atriði:

- Efla enn frekar móttöku nýrra forstöðumanna.
- Samræma og efla grunnaðstoð við forstöðumenn.
- Öryggismál stofnana og forstöðumanna.
- Setja á fót mentora kerfi sem stuðlað geti að auknu faglegu samtali og samvinnu milli forstöðumanna.
- Skoða og gera samanburð á starfsumhverfi og launakjörum forstöðumanna á Norðurlöndunum.
- Finna leiðir til þess að efla félagsstarfið og tengslin milli félagsmanna og hvernig best megi hvetja félagsmenn til þátttöku.

HÞ hvatti stjórnarmenn til þess að leggjast undir feld í sumar og koma með frekari hugmyndir á næsta stjórnarfundum í haust.

5. Félagsstarfið

Í heimsóknnum til stofnana gefst kjörið tækifæri til þess að efla kynni félagsmanna og kynna félagsmönnum stofnanir hvers annars. Heimsóknirnar hafa verið afar áhugaverðar og vel heppnaðar en félagsmenn mættu þó vera duglegri að mæta. Þessu starfi verður framhaldið og leitað leiða til þess að auka þátttöku.

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ hefur lýst vilja til áframhaldandi samstarfs um morgunverðarfundum. Stjórnarmenn voru hvattir til þess að koma með hugmyndir að umræðuefni á slíkum fundum.

6. Trúnaðarmál

EÝG vék af fundi við afgreiðslu málsins. Umfjöllun dagskrárliðar bókuð í sérstakri bókun með fundargerð.